Dans-staðir

Bjórhöllin
Gerðubergi 1, sími 74420
Lifandi tónlist öll kvöld vikunnar.

Breiðvangur
í Mjódd
Tónlistar- og kvikmyndaveisla í kvöld. Hljómsveitin Rikshaw mun kynna efni af nýútkominni breiðskífu sinni, Angels and Devils. Loðin rotta leikur fyrir dansi. Á laugardagskvöld verður stórsýning Ríó tríós, Dýrið gengur laust. Hljómsveit hússins verður stórhljómsveit Gunnars Þórðarsonar.

Danshöllin
Fjölbreytt skemmtun með fyrirtaks skemmtikröftum. Rokksveit Rúnars Júlíussonar leikur á efri hæðinni.

Casablanca
Diskótek föstudagskvöld. Tískukvöld á laugardagskvöld. Í tilefni af því mun dómnefnd útnefna best klædda strák og best klæddu stelpu ársins 1990.

Dans-Barinn
Grensásvegi 7, sími 688311
Diskótek um helgina.

Danshúsið Glæsibæ
Álfheimum, s. 686220
Danshljómsveitin Smellir ásamt Ragnari Bjarnasyni leikur fyrir dansi um helgina.

Gikkurinn
Ármúla 7, sími 681661
Lifandi tónlist um helgar.

Hótel Borg
Pósthússtræti 10, sími 11440
Diskótek föstudags- og laugardagskvöld.

Púlsinn
Vitastíg
Rúnar Þór og hljómsveit leika föstudags- og laugardagskvöld. Á sunnudagskvöld leikur hljómsveit Eddu Borg.

Sportklúbburinn
Borgartúni 32, s. 29670
Opið föstudags- og laugardagskvöld á Stönginni. Aðgangur ókeypis.

Skálafell, Hótel Esju
Suðurlandsbraut 2, sími 82200
Guðmundur Haukur leikur föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld og nk. fimmtudagskvöld. Opið öll kvöld vikunnar.

Hótel Ísland
Ármúla 9, sími 687111
Húsið opnað kl. 22 í kvöld. Hljómsveitin Atlantis leikur fyrir dansi. Hljómsveitin Upplyfting kynnir nýútkomna plötu sína.
Á laugardagskvöld verður sýningin „Rokkað á himnum". Síðasta sýning fyrir jól. Hljómsveitin Atlantis leikur fyrir dansi á stóra sviðinu. Anna Vilhjálms og Flækingarnir leika í Ásbyrgi. Blúsmenn Andreu blúsa í Café Ísland og öll nýjustu lögin verða leikin í Norðursal. Hljómsveitin Upplyfting kynnir nýju plötuna sína.

Hótel Saga
„Ómladí", skemmtun Ómars Ragnarssonar, Þórhalls Sigurðssonar, Haralds Sigurðssonar og fleiri ágætra manna hefst aftur á laugardagskvöld. Hljómsveitin Einsdæmi leikur fyrir dansi. Mímisbar er opinn föstudags- og laugardagskvöld.

Keisarinn
Laugavegi 116
Opið öll kvöld.

Laguna og Café Krókódíll
Diskótek um helgina.

Tveir vinir og annar í fríi
Í kvöld leika Langi Seli og skuggarnir fyrir dansi. Á laugardagskvöldið ætlar hin stórsnjalla meindýra-sveit Loðin rotta að troða upp.

Ölver
Álfheimum 74, s. 686220
Karaoke-nýjungar í tónlistarflutningi. Opið alla daga.

Veitingahúsið Ártún
Vagnhöfða 11, s. 685090
Nýju og gömlu dansarnir föstudags- og laugardagskvöld. Hljómsveit Jóns Sigurðssonar leikur fyrir dansi ásamt söngkonunni Hjördísi Geirsdóttur.

Kveðja Sigfúsar til Reykjavíkur

Um síðustu helgi opnaði Sigfús Halldórsson málverkasýningu að Kjarvalsstöðum og eru allar myndirnar helgaðar Reykjavík.

Um þessa helgi, laugardag og sunnudag, klukkan 15.00 verða stuttar uppákomur í tengslum við sýninguna. Ýmsir tónlistarmenn og vinir Sigfúsar ætla að troða upp.

Á mánudag verða haldnir sérstakir tónleikar til heiðurs Sigfúsi og hefjast þeir klukkan 20.30 og verða salir Kjarvalsstaða opnir til klukkan 22.00 það kvöld. Annars er sýningin opin daglega frá klukkan 11.00 til 18.00 og lýkur henni á Þorláksmessu.



Vinir Sigfúsar troða upp á sýningu hans um helgina.



Gluggagægir guðar á glugga í Árbæ.

Jól í Árbæ

Um þessa helgi eru síðustu forvöð að sjá hina margrómuðu jólasýningu í Árbæjarsafni. Þarna kennir margra grasa og má nefna að í húsi Klepps eru tvær sýningar en það eru jólahald á stríðsárunum sem er á efri hæð. Í stríðinu jukust atvinnumöguleikar Íslendinga og tekjur eftir áralangt kreppustand. Þess bar ekki síst merki á jólum og eins og sjá má af auglýsingum verslana frá þessum tíma var ýmis munaðarvarningur til þótt skömmtun ríkti. Á neðri hæðinni er sýningin Jól í Prófessorsbústaðnum um 1920 og er það byggt á minningum Nínu Þórðardóttur.

Í Dillonshúsi er hægt að gæða sér á veitingum, heitu súkkulaði og jólasmákökum. Á Torginu er jólatré sem dansað er í kringum kl. 14.00 undir harmóníkutónlist og jólasveinar koma í heimsókn. Í Miðhúsi er prentsmiðjan í gangi og þar eru prentuð sérstök kort og einnig eru sýnd jólakort frá fyrri áratug aldarinnar. Krambúðin verður opin og hægt að kaupa ýmislegt sem tengist jólahaldi.

Í Árbæ sjálfum er sýndur jólaundirbúningur á baðstofuloftinu og hvernig laufabrauð er skorið út. Gestum gefst líka kostur á að hlýða á aðventumessu kl. 15.30 í kirkjunni.

Púlsinn tifar

Á föstudags- og laugardagskvöld spilar Rúnar Þór í Púlsinum og kynnir plötu sína Frostaugu, ásamt því að flytja annað efni. Í hljómsveitinni með honum eru þeir Jón Ólafsson, Jónas Björnsson og Sigurgeir Sigmundsson. Þeir félagar taka fleiri lög en af plötunni og halda uppi stuði fram á nótt.


Á sunnudaginn verður Hljómsveit Eddu Borg aðalnúmer kvöldsins. Með Eddu spila þeir Bjarni Sveinbjörnsson, Friðrik Karlsson, Pétur Grétarsson og Þórir Baldursson. Heiðursgestir kvöldsins verða þeir Pálmi Gunnarsson og Sigurður Karlsson trommari sem ekki hefur leikið opinberlega síðan 1987. Meðal þess sem þeir taka með hljómsveitinni er gamli djassstandardinn Take Five sem Dave Brubeck gerði óhemju vinsælan á árum áður.




Sigurður Karlsson kemur í fyrsta sinn fram í þrjú ár.

Tískukvöld í Casablanca

Laugardagskvöldið 15. desember mun Veitingahúsið Casablanca halda tískukvöld. Í því tilefni mun dómnefnd útnefna best klædda strákinn og best klæddu stelpuna árið 1990. Í dómnefnd verður fólk sem lifir og hrærist í tískuheiminum í Reykjavík. Ýmsar aðrar uppákomur verða svo sem snyrtivörukynning og boðið verður upp á fordrykk og konfekt.



Þessar stelpur ættu góða möguleika á tískukvöldinu.



Rikshaw mætir til leiks í Breiðvangi í kvöld.

Breiðvangur:

Rikshaw og Loðin rotta

Í kvöld, föstudagkvöld, verður hljómsveitin Rikshaw í skemmti- og veitingastaðnum Breiðvangi í Mjódd. Hljómsveitin hefur nýverið sent frá sér breiðskífu sem ber nafnið Angels and Devils.

Þegar efni plötunnar hefur verið kynnt mun Loðin Rotta taka völdin og stjórna dansleik eins og þeim einum er lagið. Loðin Rotta er nú reyndar brot úr Rikshaw en að flestu leyti öðruvísi hljómsveit. Húsið verður opnað klukkan 22.00 en dagskráin hefst klukkan 23.00. Dansleikurinn stendur til klukkan þrjú eftir miðnætti.